



Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytið
Borgartúni 26
105 Reykjavík

Efni: Umsögn Verkfræðingafélags Íslands (VFI) um breytingu á reglugerð um hávaða, nr. 724/2008.

Drög ráðuneytisins að nýrri reglugerð um hávaða eru mikilvæg. Þau eiga eftir að veita almenningi mun betra skjól gagnvart hávaða í umhverfinu en núgildandi reglugerð. Sérstaklega ber að þakka ný ákvæði um leyfilegan hávaða frá vindmyllum, skotsvæðum og akstursþróttasvæðum. Réttaróvissu í þessum tilvikum hefur þar með verið eytt.

Þar sem texti reglugerðarinnar er knappur er mjög áríðandi að Umhverfis- og orkustofnun gefi út skýrar og vandaðar leiðbeiningar um hvernig túlka beri reglugerðina og hvernig beri að standa að hljóðmælingum.

Mælt er með að eftirfarandi atriði verði skoðuð skoðuð sérstaklega hjá ráðuneytinu við endurskoðun reglugerðar um hávaða:

1) Stórir flugvellir (t.a.m. Keflavíkurflugvöllur og Reykjavíkurflugvöllur)

Mælt er með því að rekstraraðili þessara flugvalla verði skyldaðir til þess að setja upp síritandi hljóðmæla sem kortleggja ástandið við flugvöllinn og nálæga íbúabyggð. Flugvallaryfirvöldum verði aukin heldur skylt að gefa út vandaða skýrslu árlega um flughávaða og þróun hans; í anda þess sem gert er á Kastrup og Gardermoen flugvöllum. (Sjá t.d. skýrslu Kastrup flugvallar: https://www.cph.dk/49bd7c/globalassets/8.-om-cph/02_baeredygtighed/environmental-impacts/noise/%C3%A5rsrapport_2023-flyst%C3%B8j-i-k%C3%B8benhavns-lufthavn.pdf)

2) Hafnir

Tilgreindur verði leyfilegur hávaði frá höfnum í nálægri byggð.

3) Sprengingar og fleygun klappar í þéttri byggð

Hér er mælt með skylda verði að sprengja með litlum hleðslum klöpp í stað þess að fleyga ef viðkvæm byggð stendur nærri (sbr. verklýsingu fyrir framkvæmdir á lóð Landspítala. (NLSH hefur gefið leyfi fyrir dreifingu verklýsingarinnar í þessum tilgangi og verður hún send ráðuneytinu).

Reykjavík, 19. júní 2025.

Stjórn Verkfræðingafélags Íslands.